

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/19/EB

frá 18. mars 1999

um breytingu á tilskipun ráðsins 97/70/EB um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

I. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri ⁽¹⁾, einkum 8. gr.,

Eftirfarandi bætist við II. viðauka við tilskipun 97/70/EB undir fyrirsögninni „IX. kafli: ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI“:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„7. regla: Loftskjotabúnaður fyrir hafsvæði A1“

- 1) Framkvæmdastjórnin hefur athugað ákvæði IX. kafli II. viðauka við tilskipunina með tilliti til beitingar þeirra gagnvart nýjum fiskiskipum sem eru á bilinu 24 til 45 metrar að lengd, að teknu tilhlýðilegu tilliti til takmarkaðrar stærðar skipanna og fjölda þeirra manna sem eru um borð.
- 2) Sú athugun hefur leitt í ljós að hvað fjarskipti varðar er hægt að tryggja jafngilt öryggi slíkra skipa, þegar þau eru eingöngu starfrækt á hafsvæðinu A1, með því að krefjast þess að þau hafi VHF-talstöðvabúnað aukalega sem notar stafrænt valkall (DSC) í staðinn fyrir EPIRB-neyðarbaujur.
- 3) Breyta ber II. viðauka við tilskipunina í ljósi þeirrar athugunar.
- 4) Breytingin er í samræmi við viðmiðunarreglur um þátttöku skipa, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) sem komið var á fót af siglingaöryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar með umburðarbréfi 803 frá 9. júní 1997.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB ⁽³⁾.

Eftirfarandi nýjum 4. lið er bætt við:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 4. reglu geta stjórnvöld undanþegið ný fiskiskip, sem eru 24 metrar að lengd og lengri en undir 45 metrum, frá ákvæðum f-liðar 1. liðar í 6. reglu og 3. liðar í 7. reglu að því tilskildu að þau séu búin metrabylgjuloftskjotastöð (VHF) eins og krafist er í a-lið 1. liðar í 6. reglu og séu þar að auki með VHF-talstöðvabúnaði sem notar stafrænt valkall (DSC) til sendinga á neyðar-sendingum skipa til strandar eins og mælt er fyrir um í a-lið 1. liðar í 7. reglu.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 48, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/1999 frá 17. desember 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 34, 9. 2. 1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 247, 5. 10. 1993, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 276, 13. 10. 1998, bls. 7.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. mars 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.
